

Samningur um umsjón og rekstur búsvæðis fugla í Andakíl, Borgarbyggð

1. gr.

Samningsaðilar.

Umhverfisstofnun, kt. 701002-2880 og Votlendissetur Landbúnaðarháskóli Íslands kt. 411204-3590 gera með sér samning um umsjón og rekstur búsvæðis fugla í Andakíl í Borgarbyggð í samræmi við 30. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Friðlýsta svæðið er búsvæði fugla.

2. gr.

Markmið samningsins.

Markmið samningsins er að umsjón og rekstur búsvæðisins sé í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999 og reglur hins friðlýsta svæðis í samræmi við auglýsingu um búsvæðavernd fugla í Andakíl.

3. gr.

Mörk verndarsvæðisins.

Mörk verndarsvæðis koma fram í hnittöflu og uppdrætti af svæðinu sem fylgja með þessum samningi, sbr. fylgiskjal 1.

4. gr.

Verndaráætlun.

Umhverfisstofnun skal í samvinnu við Votlendissetur Landbúnaðarháskóla Íslands sjá um gerð verndaráætlunar fyrir hið friðlýsta svæði í samræmi við d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, en þar skal m.a. fjallað um vöktun á lífríki.

5. gr.

Umsjón og landvarsla.

Umsjón og rekstur hins friðlýsta svæðis skal vera í höndum Votlendisseturs Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Málefnum sem upp kunna að koma og kalla á sérstakar ráðstafanir eða stjórnvaldsákvarðanir ber að vísa til Umhverfisstofnunar.

Ef ráðinn er landvörður fyrir búsvæðið skal viðkomandi að lágmarki uppfylla ákvæði 29. gr. laga um náttúruvernd, sbr. 1. gr. reglugerðar um landverði, nr. 61/1990.

6. gr.

Fræðsla.

Til að tryggja verndun búsvæða fugla og fjölbreytts votlendis skal efla vitund almennings á mikilvægi verndunar svæðisins. Umhverfisstofnun og Landbúnaðarháskóla Íslands hafa samstarf um útgáfu fræðsluefnis sem lúta þessu markmiði, svo sem bæklinga og skilta en Landbúnaðarháskólinn skal sjá til þess að til séu bæklingar um búsvæðið. Skiltagerð á svæðinu skal vera í samræmi við Skiltahandbók Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs og Ferðamálastofu. Um skiptingu kostnaðar vegna útgáfu fræðsluefnis skal samið hverju sinni.

BP KKA
S.S.

7. gr.

Mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir.

Vernda skal vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni svæðisins þannig að vistkerfið fái að þróast samkvæmt náttúrulegum lögmálum og á eigin forsendum. Allt rask á jarðmyndunum þ.m.t. hvers konar áletranir eru óheimilar á verndarsvæðinu. Allar framkvæmdir svo sem nýbyggingar, þar með talið skýli fyrir skepnur og tilheyrandi aðkomuleiðir eru háðar samþykktu skipulagi hverju sinni. Hefðbundnar landbúnaðarnytjar haldast svo sem verið hefur. Heimilt er að halda við framræsluskurðum á svæðinu þó þannig að núverandi grunnvatnsstaða verndaðs votlendis lækki ekki, en óheimilt að grafa nýja skurði utan þeirra svæða sem merkt eru landbúnaðarsvæði á kortinu.

Óheimilt er að brenna sinu eftir 15. apríl á verndarsvæðinu. Að öðru leyti gilda lög um sinubrennslu nr. 61/1992 og reglugerð þar að lútandi nr. 157/1993.

Efnistaka í farvegi Hvítár er heimil svo sem verið hefur og að fyrir liggi leyfi sveitarstjórnar og Veiðimálastofnunar.

Leyfi Umhverfisstofnunar og Borgarbyggðar þarf til framkvæmda á hinu friðlýsta svæði þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Allar framkvæmdir sem heimilaðar verða skv. 11. gr. auglýsingar um búsvæðið skulu miða við að halda markmiðum friðlýsingarinnar.

8. gr.

Gjaldtaka og þjónustugjöld

Landbúnaðarháskóla Íslands er heimilt að taka þóknun fyrri þjónustu sem veitt er innan náttúruverndarsvæðisins svo sem leiðsögn um svæðið.

9. gr.

Skipting kostnaðar.

Landbúnaðarháskóli Íslands greiðir allan kostnað vegna starfsmanna búsvæðisins og einnig kostnað vegna útgáfu bæklinga en helming í kostnaði á fræðslu- og upplýsingaskiltum. Um skiptingu kostnaðar sérstakra verkefna skal samið hverju sinni.

10. gr.

Skýrslugerð.

Votlendissetur Landbúnaðarháskóla Íslands skal gefa Umhverfisstofnun skýrslu ár hvert um ástand, framkvæmdir og aðra starfsemi á búsvæðinu. Skila skal skýrslu til Umhverfisstofnunar í lok hvers starfsárs. Í skýrslunni skal tilgreina ástand lands og lífríkis, áætlaðan gestafjölda, fræðslu, umgengi, framkvæmdir og kostnað af þeim og annað sem kann að skipta máli varðandi búsvæðið.

11. gr.

Eftirlit Umhverfisstofnunar.


Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að umsjónar- og rekstraraðili uppfylli samningsskuldbindingar í samræmi við samning þennan, þær reglur sem gilda um náttúruverndarsvæðið, sbr. auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum, 30. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, og verndaráætlun.


Bþ KLV
S.S.

Fylgiskjal 1. Mörk verndarsvæðis.

Syðri mörk verndarsvæðisins fylgja þjóðvegi nr. 50 Borgarfjarðarbraut, frá vesturmörkum Skógarkots á Seleyri og áfram um jarðirnar Grjóteyri, Árdal, Ytri- og Innri- Skeljabrekku (að frátöldum túnum 6 ha. norðan Borgarfjarðarbrautar í landi Innri-Skeljabrekku), Neðri-Hrepp og Ausu að landamerkjum Vatnshamra. Þaðan í frá fylgja mörk friðlandsins landamerkjum Vatnshamra og Ausu að Vatnshamravatni og umhverfis það eftir línu sem markast af gömlu (efri) vatnsborðsmörkum þess um land Vatnshamra og Báraeksstaða, þaðan beina línu út á veg nr. 510 Hvítárvallaveg. Þá fylgja mörk merkjum Hvanneyrar og Báraeksstaða að landamerkjum Hvanneyrar og Grímarstaða beina línu eftir merkjum þeirra jarða niður fyrir klapparása á flæðiengjar og áfram norðaustur jaðra flæðiengja neðan ása um land Grímarstaða og Hvítárvalla og út í miðja Hvítá á merki Hvítárvalla og Ferjukots. Norður og vesturmörk svæðisins eru dregin um Borgarfjörð eins og mörk áður nefndra jarða ná út á fjörðinn og að Seleyri.

Mörk þessi eru sýnd á meðfylgjandi uppdrætti og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi. Heildarflatarmál svæðisins er 3086 ha.



 Boundary 3 086 ha

Projected Coordinate System: Lambert Conformal Conic
Geographic Coordinate System: GCS WGS 1984

0 2.5 5 km

Bb Kkx
S.S.

12. gr.

Gildistími og gildistaka.

Gildistími samnings þessa fyrir búsvæði fugla í Andakíl er 5 ár frá undirritun og staðfestingu umhverfisráðherra.

Samningur þessi er í þremur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki og umhverfisráðherra einu.

Samningurinn tekur gildi við staðfestingu umhverfisráðherra.

13. gr.

Ákvæði um endurskoðun.

Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi þessum hvenær sem er. Þó skal endurskoða samninginn eigi síðar en að 3 árum liðnum frá undirritun hans.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samnings þessa er 6 mánuðir.


14. gr.

Meðferð ágreiningsmála.


Umhverfisráðherra úrskurðar um ágreiningsmál varðandi samning þennan.

2. febrúar 2011


F.h. Umhverfisstofnunar,


Kristín Linda Árnadóttir,
Forstjóri

F.h. Landbúnaðarháskóla Íslands,

f.h. rektors

Ágúst Sigurðsson,
Rektor

Staðfesting umhverfisráðherra,


Svandís Svavarsdóttir.

Vottar:

